

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis, Sveitarfélaginu Álftanesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness þann 2. apríl 2009 breytingu á deiliskipulagi Vestur-Skógtjarnarsvæðis.

Deiliskipulagið tekur til svæðis í landi Skógtjarnar, Lambhaga og Búðarflatar. Svæðið afmarkast til vesturs af friðlýstu svæði á Hliði og til austurs af Sólbarði og Tjarnarlandi, þ.e. byggð við Miðskóga, Lambhaga og Búðarflöt, auk stakra húsa (Tjarnarland, Sólbarð, Hlein, Vestri-Skógtjörn, Tjarnarbakki, Strönd, Vindás, Helguvík og Melshús). Gerð er tillaga um samræmt skipulag á ofangreindu svæði með nýrri útfærslu að göngustígum og lagnaleiðum stofnlagna fráveitu. Breytingar hafa verið m.a. gerðar frá auglýstri tillögu vegna athugasemda við tillöguna og hafa verið auglýstar skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulagsuppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Álftanesi, 20. apríl 2009.

Bjarni S. Einarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2009